

Brjef landshöfðingja til beggja amtmannanna um 3. lið 17. greinar í tilsk. 53
 25. 1869 um skrásetning skipa. — Eptir fyrirlagi ráðgjafans, skal jeg hjermeð þjónustusamlega 31. marz.
 skora á yður, herra amtmaður, að leiða athygli lögreglustjóranna í umdæmi yðar að því,
 að þegar skip, sem er í innanríkishöfn og skrásett er sem dönsk eign, eða partur í því,
 fyrir fullt og allt eða með skilyrði verður utanríkiseign annaðhvort við opinbert uppboð
 eða við það, að það er lagt út sem arfur á opinberum skiptum, þá ber lögreglustjóra,
 samkvæmt 3. lið 17. greinar í tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa frá 25.
 júní 1869, að gefa skrásetningarstofunni í tollumdæmi því, er skipið er í, skriflega skýrslu
 um það, að skipið sje orðið utanríkiseign, og eiga sönnunarskjöl skipsins (mælingarbrjef-
 ið eða þjóðernis- og skrásetningarskýrteinið) að fylgja með skýrslunni. Sje ekki auðið
 að senda nefnd skýrteini eða lögreglustjóri álit, að fresta beri að senda þau, skal hlut-
 aðeigandi skrásetningarstofu skýrt frá, hverjar ástæður sjeu til þess.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um þýðingu 54
 hleðsluskjalanna við innheimtu vinfangatollsins. — Hinn umboðslegi endurskoðandi 4. apríl.
 hefur, jafnframt því að senda mjer eptirrit af úrskurði, lögðum á tollreikning Suð-
 urmúlasýslu 1880, með árituðum svörum, getið þess, að reikningshaldarinn hafi ekki full-
 nægt 1., 3., 4., og 5. grein úrskurðar þessa, og með því að hann hafi í þessum atriðum
 reiknað tollinn af minni vöruupphæð, en talin var á tollseðlum hlutadeigandi skipa, án
 þess að rannsókn sú hafi farið fram, sem til þess hefði verið nauðsynleg, að víkja hefði
 mátt frá tollseðlinum við innheimtu hins umrædda gjalds, sjá tilsk. 26. febr. 1872, 2.
 og 3. gr. sbr. lög 11. febr. 1876, 2. og 3. gr., og honum þó hafi verið innan handar að
 nota kyrrsetningar og sölurjett þann, er reikningshaldara er heimilaður í 7. gr. tilsk. 26.
 febr. 1872 til að ná inn gjaldinu, þá hefur hann lagt það til, að reikningshaldara verði
 uppálagt að standa sjálfur ábyrgð á því, sem vanheimt hefur orðið, og greiða það sem
 fyrst í landssjóð, án þess nauðsynlegt sje, eins og reikningshaldarinn virðist ætlast til,
 að höfða mál gegn hlutadeigandi gjaldendum af hálfu hins opinbera.

Með því að jeg nú verð að fallast á þessa tillögu endurskoðanda, þá vil jeg
 hjermeð, um leið og jeg sendi yður fyrnefnt eptirrit með árituðum svörum reiknings-
 haldara, þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að gjöra nauðsynlegar ráðstaf-
 anir til þess, að sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu fullnægi hinum hjerumrædda úrskurði
 í öllum atriðum.

Eptirritið óskast endursent ásamt skýrslu um, hvernig úrskurðinum hafi ver-
 ið fullnægt.

Brjef landshöfðingja til stiðsyfirvaldanna yfir Íslandi um skoðunargjörð á 55
 Hallormsstaðarskógi. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 26. f. m., hafa hin heiðruðu 28. apríl.
 stiðsyfirvöld farið þess á leit, að greiddur verði úr landssjóði kostnaðurinn við skoðunar-
 gjörð, er eptir skýrslu hlutadeigandi prests og prófasts megi álitast nauðsynlegt að láta
 fram fara á Hallormsstaðarskógi og sjerstaklega á hinum svonefnda Flataskógi, til þess
 að fengizt geti álit manna, er þará beri skyn, um það, að hve miklu leyti, og á hvern
 hátt tiltækilegast sje að vernda skóg þenna, sem tjáist vera orðinn mjög illa á sig kom-
 inn af kali og fúa í viðinum, frá frekari skemmdum.

7. d. júnímán. 1884.